

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 113/2023

2023/EES/81/38

frá 28. apríl 2023

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/1280 frá 18. júlí 2022 um sértækar og tímabundnar ráðstafanir, í ljósi innrásar Rússlands í Úkraínu, varðandi skjöl fyrir ökumenn sem gefin eru út í Úkraínu í samræmi við löggjöf landsins <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

## 1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 36aa (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 181/2011) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„36ab. **32022 R 1280**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/1280 frá 18. júlí 2022 um sértækar og tímabundnar ráðstafanir, í ljósi innrásar Rússlands í Úkraínu, varðandi skjöl fyrir ökumenn sem gefin eru út í Úkraínu í samræmi við löggjöf landsins (Stjttíð. ESB L 195, 22.7.2022, bls. 13).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Tilvísanir í tímabundna eða fullnægjandi vernd samkvæmt landslögum í samræmi við tilskipun 2001/55/EB og framkvæmdarákvörðun (ESB) 2022/382, að því er varðar EFTA-ríkin, ber að skilja sem tilvísanir í samsvarandi tímabundna eða fullnægjandi vernd í samræmi við landslög EFTA-ríkjanna.
- b) Í 5. gr. er eftirfarandi málslíð bætt við:

„Framkvæmdastjórnin skal framsenda upplýsingarnar sem borist hafa frá Úkraínu til Eftirlitsstofnunar EFTA.“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2022/1280, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 195, 22.7.2022, bls. 13.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.